

# Olikar aðferðir.

## I.

Grjetar Fells hefir ekki rjett fyrir sjer í andmælum sínum (í Alþýðublaðinu) gegn grein minni Skilningur á lífinu, Morgunbl. 22. október. Það er ekki minsti vari á því, að trú guðspekinga á endurholdgun (endurburð), er röng og sprottin af misskilningi, og er í fyrri ritgerðum mínum gerð grein fyrir því hvernig sá misskilningur er tilkominn. Vjer eignum aðeins eina móður og einn föður, én eignumst ekki nýja föreltra aftur og aftur, af ýmsum ættum og jafnvel þjóðum, eins og endurburðarkenningin heldur íram. Og það er heldur ekki neitt vafamál, að þessi ranga trú á endurburð hjer á jörðu, girðir fyrir það, að menn geti skilið hvernig lífinu eftir dauðann er í raun og veru háttáð.

## II.

En þó að það sje ekki rjett sem skáldið segir í andmælagrein sinni þá er aðferð hans rjett; hann tekur þann kost að rita um málið, og á þann hátt sem síðuðum manni er sæmandi. En það er til önnur aðferð, sem jeg hefi fengið að kenna á talsvert óþægilega, og óskemtilega minnir á þá pindingu sem á miðöldum var nefnd tortura insomnia, og mikið beitt. Einhver, eða einhverjir, hafa tekið þann kost að láta í ljósi vanþóknun sína á ritgerðum mínum — og sennilega einhverju sem um mig hefir verið ritað — með því að reyna til að spilla heilsu minni og líðan. Hafa verið mikil brögð að þessu síðan áðurnefnd grein mín kom út, þar sem sagt er — og vissulega með sanni — að hin látna merkiskona Annie Besant hafi verið ófróð um lífið eftir dauðann. En þó hafði þessari aðferð verið beitt gagnvart mjer lengi áður. Hjóta þar að vera að verki einhverjir, sem kunnugt er um örðugleika mína á að ná því lágmarki svefns sem þarf til að geta dregið fram lífið, og aðstöðu hafa til að nota sjer þá þekkingu. Veit jeg að þetta mun þykja ærið ótrúleg saga, og svo hefir mjer sjálfum lengi þótt, uns jeg óhjákvæmilega hlaut að ganga úr skugga um, að ekki gat verið um tilviljanir að ræða. Þarf jeg ekki að fara um það neinum orðum, hvers eðlis slíkt athæfi er. Hefir mjer oft logið við örvæntingu,

Mbl. 7 Mars 1933

og jafnvel sjó nokkra tvísýnu. Á lífi mínu, enda virðist mjer vafalítið, að þetta mundi verða til að stytta mjer aldur, - ef svo fengi að ganga lengi enn. En á því er engin hætt, ef almenningur næði að átta sig á þessu máli. Til frekari skilnings verður að geta þess, að tveggja mánaða dvöl á stað þar sem mjög erfitt var um andrútt, eyðilagði, þegar jeg var 25 ára, hæfileika minn til að fá nægilega svefnhvíld. Hefi jeg sagt nokkuð af þessu í ævisögukafli sem er í Nýal. Hafa erfiðleikarnir, sem af þessu hafa hlotist, spilt mjög allri ævi minni síðan og orðið mjer til mikils hnekkis og tafar. Var jeg nú einmitt farinn að vona, að mjer mundi að síðustu auðnast að lifa þannig nokkur ár, að vandræðum þessum væri af ljett, og mjer yrði þá auðveldara um ritstörf en áður; kæmi það sjer vel, þaræð margt er óskrifað. En þá hófst þessi lúmska og ómannúðlega ofsókn og spilti fyrir mjer batanum.

Jeg ber það traust til vina minna, sem þetta lesa, að þeir óski þess einlæglega, að þeir sem hjer eiga hlut að máli, átti sig á því, hverskonar verk þeir hafa verið að vinna gagnvart mjer, og bæti ráð sitt áður en það er orðið of seint.

31. okt.

Helgi Pjeturs.